

Ed.

539. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 10, 27. júní 1921, um sendiherra í Kaupmannahöfn.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Með því að hæstvirt stjórn hefir lýst því yfir fyrir nefndinni, að hún muni að mestu geta komist af með fje það, sem veitt er í fjárlögunum fyrir næsta ár, til skrifstofuhalds í Kaupmannahöfn, þótt lög nr. 10, 27. júní 1921, haldist óbreytt, þá telur meiri hluti nefndarinnar, að þar með sje niður fallin sparnaðarástæðan, sem legið hefir til grundvallar fyrir frumvarpi þessu, og leyfir sjer þess vegna að leggja það til, að frumvarpinu verði visað til stjórnarinnar.

Alþingi, 5. maí 1924.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari og frsm.